

Fundur með foreldraráði Akrasels kl.17:30

18.4.2017

Mættir ;Telma, Lilja, Gréta, Anney og Guðrún sem ritaði fundagerð.

Blöndun árgang næsta vetur

Anney sagði frá hvernig við ætlum að blanda saman árgöngum næsta vetur. Við ætlum að skipta öllum árgöngunum í þrennt og hafa tvo árganga á hverri deild. Síðasta vetur höfum við unnið með þessa skiptingu á Bergi og haft samstarf innan árganga. Það hefur gefist mjög vel, það hafa skapast góð tækifæri til frekari samskipta barna á milli.

Foreldrar (einn árgangur í einu) verða boðaðir á fund í næstu viku þar sem þetta verður kynnt og foreldrar geta komið með fyrirspurnir.

Bréf verður sent til allra foreldra nema á Kletti þar sem þetta er kynnt og boðað til fundar.

Umræður voru í hópnum um þessa breytingu, það helsta:

- Passa að hafa mjög gott samstarf á milli deildanna þannig að börnin þekkist í lok leikskólagöngunnar. Ábending frá grunnskólakennaranum!
- Við stöndum saman að þessum breytingum – allt starfsfólk
- Lilja benti á að það fara ekki öll börnin í sama bekkinn og ekki heldur í sama skóla. Þó þau séu saman á deild þá er það ekki trygging fyrir samveru í framtíðinni.
- Leggja áherslu á þétt samstarf elstaárgangs hvað varðar skóla vinnuna og heimsóknir.
- Það skiptir miklu máli fyrir leikskólann og starfið framundan að foreldra komi og tali við stjórnendur við erum alltaf til taks.
- Það geta komið upp spurningar og umræður sem mikilvægt verður svara og þá skiptir máli að vera andspænis hvert öðru en falla ekki í þá gryfju að skrifa á á samfélagsmiðlum.
- Kynningafundurinn er mikilvægur vettvangur fyrir foreldra til þess að koma sínum skoðunum á framfæri
- Það komu einnig góðar ábendingar um að festast ekki einungis í stelpu og stráka heimsóknum blöndun er góð.
- Það verður að tryggja reglulega samvinnu á milli deilda ekki bara skipulagðar stundir einu sinni í viku.

Ekki fleira gert fundi slitið kl.18:00

Guðrún Bragadóttir